

### Ályktun um aukið samstarf í velferðarþjónustu

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 8.-10. september 2022 hvetur sveitarfélög á Vestfjörðum til nánara samstarfs á sviði velferðarmála, til þess að nýta þekkingu, mannauð og samræma þjónustu við fólk.

#### Barnaverndarþjónusta

Miklar breytingar eru framundan í velferðarþjónustu sveitarfélaga með gildistöku laga um farsæld barna, sem fela m.a. í sér að umdæmi barnaverndarþjónustu skuli vera að lágmarki 6000 manns. Sveitarfélög á Vestfjörðum þurfa endurskilgreina þjónustu og hvernig þau innleiða lögin í sína starfsemi og taka afstöðu til þess hvernig skuli haga samstarfi í þessum mikilvæga málaflokki.

#### Samræmd móttaka flóttafólks

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa verið að taka á móti flóttafólki. Sveitarfélög þjónusta flóttafólk á ýmsan máta við komu. Þessi þjónusta er margskonar og má þar nefna upplýsingagjöf, grunnfjárhagsaðstoð, aðstoð við húsnæðisleit, styrkir til íslenskunáms, ferðastyrkir vegna fjölskyldusameiningar og styrkir til sérfræðiaðstoðar svo eitthvað sé nefnt. Ísafjarðarbær vill kanna hug annarra sveitarfélaga um hvort vilji sé til að samræma móttöku flóttafólks.

#### Málefni fatlaðs fólks

Rekstur málefna fatlaðs fólks á Vestfjörðum er í járnnum og ljóst er að sveitarfélög verða að bregðast við gríðarlegum hallarekstri sem fyrirséður er á árinu 2022. Sækja þarf á ríkið að fá aukið fjármagn í málaflokkinn til að standa undir þjónustunni, en sveitarfélögin þurfa líka að líta í eigin barm og fara yfir fyrirkomulag þjónustu og starfsemi.

Ísafjarðarbær leggur til við önnur sveitarfélög á Vestfjörðum að velferðarmálin verði skoðuð á breiðum grunni með aukið samstarf að leiðarljósi. Samræma þarf betur þjónustu við fólk og nýta betur þann mannauð sem við höfum yfir að ráða.

Ísafjarðarbær hefur lýst yfir vilja sínum að vera leiðandi sveitarfélag í þessum málaflokki og er bærinn tilbúinn að vinna að útfærslum í samstarfi við önnur sveitarfélög sem hafa áhuga á auknu samstarfi á þessum nótum.

Flutningsmenn: Ísafjarðarbær